

**Nd.**

**214. Breytingartillögur**

**[22. mál]**

við frv. til l. um námslán og námsstyrki.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 1. gr. Síðari málsgr. falli niður.
2. Við 3. gr. Önnur málsgr. hljóði svo:  
Stjórnin skal skipuð til fjögurra ára í senn, nema fulltrúar Súdentaráðs Háskóla Íslands og Sambands íslenzkra stúdenta erlendis, sem skipaðir eru til tveggja ára.
3. Við 4. gr. Í stað orðanna „Hlutverk sjóðsins er“ í upphafi gr. komi: Hlutverk stjórnar sjóðsins er.
4. Við 5. gr.
  - a. Orðin „úr lánasjóði íslenzkra námsmanna“ í upphafi gr. falli niður.
  - b. Orðin „og setja tryggingu samkvæmt ákvörðun stjórnar sjóðsins“ í lok þriðju málsgr. falli niður.
  - c. Aftan við gr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:  
Lán námsmanna, sem látast eða verða öryrkjar, skulu óafturkræf.
5. Við 8. gr. Orðin „í þeim greinum, sem eigi verður lögð stund á hérlandis“ falli niður.
6. Við 9. gr. Í stað orðanna „5 ára“ í fyrstu og annarri málsgr. komi: 4 ára.